



## Borgarráð

### Funaborg - Viðbygging og lóð ásamt breytingum í eldra húsi.

Óskað er eftir að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að bjóða út framkvæmdir vegna viðbyggingar og lóðar ásamt breytingum í eldra húsi leikskólans Funaborgar í Grafarvogi.

Gert er ráð fyrir að hefja framkvæmdir vorið 2025 og er stefnt að því þeim verði lokið á árinu 2026.

Heildarkostnaðaráætlun er 1.365 m.kr. Þar af er kostnaður við lóð og breytta aðkomu áætlaður 140 m.kr. og breytingar í eldra húsi 150 m.kr.

#### Greinargerð:

Framkvæmdin felst í smíði á 950 m<sup>2</sup> viðbyggingu og framkvæmdum á lóð leikskólans Funaborg, Funafoldi 42. Breytingar í eldra húsi fela m.a. í sér aðlögun að viðbyggingu og lagfæringar í aðgengismálum. Þá verður eldhús og starfsmannarými flutt yfir í viðbyggingu. Leikskólinn stækkar um fjórar deildir og leikskólabörnum fjölgar um 70.

Kostnaðarstaður: 1104

Kostnaðaráætlun: 1.365 m.kr.

Ámundi Brynjólfsson, skrifstofustjóri  
*Umhverfis- og skipulagssvið*  
*Skrifstofa framkvæmda og viðhalds*

Hjálagt:

- Kynning



# Funaborg - viðbygging

UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ




# Lýsing á framkvæmd

- Framkvæmdin felst í smíði á 950 m<sup>2</sup> viðbyggingu og framkvæmdum á lóð leikskólans Funaborg við Funafold 42. Breytingar í eldra húsi fela m.a. í sér aðlögun að viðbyggingu og lagfæringar í aðgengismálum. Þá verður eldhús og starfsmannarými flutt yfir í viðbyggingu.
- Viðbyggingin telur 4 deildir
- Aukning um 70 pláss



# Yfirlitsmynd





# Yfirlitsmynd





# Yfirlitsmynd





# Kostnaður og verktími

Áætlaður heildarkostnaður við framkvæmdina er 1.365 m.kr. skv. kostnaðaráætlun 2. Þar af er kostnaður við lóð og breytta aðkomu áætlaður 140 m.kr. og kostnaður vegna aðlögunar og breytinga á núverandi húsnæði 150 m.kr.

Gert er ráð fyrir að hægt verði að hefja framkvæmdir í vorið 2025 og áætlað að þeim ljúki í desember 2026.



Reykjavík